

Samruni Opinna kerfa hf. og Premis ehf.

I. Málsmeðferð

1. Með bréfi, dags. 20. janúar 2022, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhugaðan samruna Opinna kerfa hf. (hér eftir Opin kerfi) og Premis ehf. (hér eftir Premis). Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og viðauka I við reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum. Með tölvupósti, dags. 3. febrúar 2022 tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunaskráin hafi talist fullnægjandi.
2. Undir meðferð málsins veitti Samkeppniseftirlitið hagsmunaaðilum færi á því að koma að umsögnum vegna samrunans og áhrifa hans á samkeppni.¹ Fimm umsagnir bárust um samrunann, aðrir hagsmunaaðilar skiluðu ekki umsögn. Verður hér á eftir vísað til þeirra umsagna sem bárust eftir því sem við á.

II. Samruninn

3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að með kaupum Opinna kerfa á öllu útgefnu hlutafé í Premis felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

1. Samrunaaðilar

4. Um samrunaaðila segir í samrunaskrá að Opin kerfi er fyrirtæki í upplýsingatækni. Jafnframt að fyrirtækið sérhæfi sig í ráðgjöf og innleiðingu rekstrar-, skýja- og hýsingarlausna ásamt sölu á tölvu- og samskiptabúnaði til bæði innlendra og erlendra aðila. Þá starfar Premis einnig á upplýsingatæknimarkaði. Jafnframt sinnir félagið ýmissi rekstrarþjónustu, til að mynda alrekstri, þjónustu tengdri hugbúnaðarleyfum, afritun og hýsingu.
5. Þá segir að VPE – OK ehf. (VPE – OK), dótturfélag VEX I slfh. (VEX I), sem er sjóður í rekstri Vex ehf., og Opin kerfi hafi skuldbundið sig til að kaupa allt hlutafé í Premis. Með sama samningi skuldbundu hluthafar Premis sig til að kaupa hluti í Opnum kerfum [.]² VPE-OK er eigandi alls útgefins

¹ Umsagnarbeiðni var send til eftirfarandi aðila: Advania, Computer.is, Elko, Endor, Origo, Sensa, TRS, Tölvulistinn, Tölvutek, Wise og Þekking,

² Trúnaðarmál.



hlutafjár í Opnum kerfum, að undanskildum einum hlut í eigu VEX I. Eftir kaupin verður Premis dótturfélag Opinna Kerfa [

.]³

6. Samkvæmt samrunaskrá er ábyrgðaraðili VEX I VEX I GP ehf. en sjóðsfélagar í VEX I flokkast allir sem fagfjárfestar í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði og fjármálagerninga. Trausti Jónsson og Benedikt Ólafsson sitja í stjórn VEX I GP ehf. sem fer jafnframt með stjórn VEX I en endanleg stjórn sjóðsins er í höndum þeirra tveggja. VPE – OK er undir sömu yfirlitum.⁴
7. Stærstu eigendur VEX I eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild, Almenni lífeyrissjóðurinn, Stapi lífeyrissjóður og Vátryggingafélag Íslands hf. Eina eign VEX I fyrir kaupin á Opnum kerfum var 40% eignarhlutur í alþjóðlega hugbúnaðarfyrirtækinu AGR Dynamics. VEX I fer með sameiginleg yfirlit í félaginu. Samkvæmt samrunaskrá skarast starfsemi AGR Dynamics að engu leyti við starfsemi Opinna kerfa og Premis sem bjóða ekki hugbúnaðarlausnir sem eru í samkeppni við sérhæfðar lausnir AGR Dynamics.
8. Eigendur Premis fyrir viðskiptin eru Fiskisund ehf. (40%), Eskimo Rental ehf., (40%), Raftahlíð 48 ehf. (10%), og Varius ehf. (10%). Fyrir lúkningu viðskiptanna mun tilteknum lánnum verða breytt í hlutafé í félaginu sem mun breyta eignarhlutföllum lítillaga og Nolt ehf., sem á hlut í Fiskisundi mun einnig verða skráður fyrir hlutum í Premis. Enginn aðili fer einn með yfirlit í Premis. Premis er eigandi alls hlutafjár í nokkrum örfélögum þar sem engin starfsemi fer fram.
9. Í samrunaskrá segir að með viðskiptunum vilji samrunaaðilar koma á fót sterkari aðila á sviði upplýsingatækni. Í kjölfar samrunans stefna samrunaaðilar að því að hasla sér frekari völl á upplýsingatæknimarkaði og auka vöru- og þjónustuúrval með samantlagðri þekkingu Opinna kerfa og Premis. Þannig er markmiðið með samrunanum að skapa fyrirtæki sem getur veitt stærri fyrirtækjum á upplýsingatæknimarkaði hér á landi, annars vegar, og innreið alþjóðlegra stórfyrirtækja, hins vegar, aukna samkeppni, til hagsbóta fyrir samkeppni, neytendur og markaðinn í heild.

2. Markaðir málsins og staða samrunaaðila á þeim

10. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markað frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaði og hins vegar landfræðilegum markaði.⁵

2.1. Mat samrunaaðila

11. Í samrunaskrá segir að Opín kerfi sérhæfir sig í ráðgjöf og innleiðingu rekstrar-, skýja- og hýsingarlausna ásamt sölu á tölvu- og samskiptabúnaði til bæði innlendra og erlendra aðila. Félagið sinnir þannig ýmissi rekstrarþjónustu tengdri tölvukerfum, til að mynda á sviði afritunar og hýsingar, auk þess að veita ýmsa ráðgjafa- og sérfræðiþjónustu. Þá starfar Opín kerfi á sviði vöru- og hugbúnaðarsölu og býður ýmsa þjónustu því tengdu, einkum í tengslum við

³ Trúnaðarmál.

⁴ Þeir fjárfestar sem hlut eiga að framtakssjóðnum VEX I eru margir hverjir öflugir fjárfestar sem eiga hagsmuni mun víðar en í sjóðnum VEX I. Telur Samkeppniseftirlitið að þeir hagsmunir komi ekki til skoðunar í máli þessu þar sem yfirlit yfir VEX I liggja eingöngu hjá Benedikt Ólafssyni og Trausta Jónssyni.

⁵ Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn út frá fleiri víddum en vörunni eða þjónustunni sjálfri og hvar hún er seld, s.s. opnunartíma verslana eða á hvaða tíma þjónusta er veitt.



neytendalausnir og lausnir á sviði miðlægs búnaðar. Fyrirtækið selur búnað og þjónustu eingöngu til annarra fyrirtækja og stofnana.

12. Þá segir í samrunaskrá að Premis sinni ýmissi rekstrarþjónustu, til að mynda alrekstri, þjónustu tengdri hugbúnaðarleyfum og Microsoft leyfum, afritun og hýsingu. Þá starfar félagið einnig á sviði vef- og hugbúnaðargerðar og endabúnaðar. Áhersla er lögð á alrekstrarsamninga þar sem fyrirtæki útvistar rekstri tölvukerfis síns í heild til Premis. Kjarnarekstur Premis byggir á sölu CSP (e. Cloud Solutions Provider) leyfa, sala á vörum og frekari þjónustu leiðir síðan af sölu leyfanna.
13. Vex ehf. eða félög og sjóðir undir þeirra yfirráðum hafa enga starfsemi haft fyrr en með kaupunum á Opnum kerfum og nú Premis ehf. að því undanskyldu að Vex ehf. átti fyrir 40% eignarhlut í félaginu AGR Dynamics. Sem fyrr segir skarast starfsemi AGR Dynamics ekki við starfsemi Opinna kerfa og Premis samkvæmt samrunaskrá.
14. Að mati samrunaaðila nær samruninn fyrst og fremst til upplýsingatæknimarkaðar og þeirra markaða sem samrunaaðilar starfa á innan hans, það er einkum markaðar fyrir hýsingu- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og markaðar fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja. Samrunaaðilar telja ekki að samruninn leiði til frekari samþjöppunar á markaði. Meirihluti veltu Opinna kerfa sé á markaði fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja og er velta Premis á þeim markaði hverfandi.
15. Segir í samrunaskrá að Samkeppniseftirlitið hafi í fyrri ákvörðunum og greiningum fjallað um upplýsingatæknimarkaðinn. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 31/2015, Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf., taldi Samkeppniseftirlitið hugsanlegt að skilgreina mætti nokkra undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar.
16. Í samrunaskrá kemur fram að innan upplýsingatæknimarkaðarins skarist þjónusta samrunaaðila einkum á markaði fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og á markaði fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja. Eru það þeir markaðir sem áhrifa gætir að mati samrunaaðila.
17. Samrunaaðilar benda á að Samkeppniseftirlitið hafi ekki gert athugasemdir við það að hýsing og rekstur tölvukerfa sé skilgreind sem undirmarkaður upplýsingatæknimarkaðar, sbr. ákvörðun nr. 23/2019 tengdri ætluðum samruna Advania Holding hf. og Wise lausna ehf. Miðað við frummat Samkeppniseftirlitsins í því máli sé hins vegar ekki hægt að útiloka að unnt sé að skilgreina frekari undirmarkaði á sviði sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja.
18. Samrunaaðilar sjá hins vegar ekki að það eigi við um þeirra starfsemi, en þeir starfi ekki á vöru- og þjónustumarkaði fyrir þróun, þjónustu og sölu á fjárhagskerfum sem skilgreindir voru framangreindri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.
19. Að mati samrunaaðilar eru því viðkomandi vörumarkaðir annars vegar markaður fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og hins vegar markaður fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja. Samrunaaðilar benda á að stór fyrirtæki starfi á báðum mörkuðum málsins auk allnokkurra smærri fyrirtækja sem að mati samrunaaðila veiti nokkuð samkeppnislegt aðhald.

Landfræðilegur markaður málsins

20. Hvað varðar landfræðilegan markað segir í samrunaskrá að aðilarnir telji að Ísland í heild sinni sé viðkomandi landfræðilegi markaður. Samrunaaðilar benda þó á að þær vörur og þjónusta sem samrunaaðilar veiti einskorðist ekki við Ísland, benda þeir því á að erlendir aðilar veiti fyrirtækjum sem starfa hér á landi umtalsvert samkeppnislegt aðhald, bæði hvað varðar



veitingu þjónustu og sölu á búnaði. Benda samrunaaðilar á að aðrir aðilar á markaðinum hafi einnig byggt á þessu, sbr. t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins í málum nr. 31/2015, 23/2019 og 8/2021. Telja samrunaaðilar að ýmsar vísbendingar séu um að hinn landfræðilegi markaður sé alþjóðlegur en einskorðist ekki við Ísland.

2.2. Sjónarmið hagsmunaaðila

21. Samkeppniseftirlitið hefur það hlutverk samkvæmt samkeppnislögum nr. 44/2005 að rannsaka samruna og ber því að leggja mat á það hvort samruni fyrirtækja raski samkeppni og skaði þar með hagsmuni almennings. Liður í slíkri rannsókn er að afla sjónarmiða fyrirtækja sem eftir atvikum eru keppinautar eða viðskiptavinir samrunaaðila.
22. Samkeppniseftirlitið óskaði því þann 2. febrúar 2022 eftir því að félög á viðkomandi mörkuðum og/eða tengdum mörkuðum tjáðu sig almennt um efni umræddrar samrunatilkynningar varðandi markaðsskilgreiningar og stöðu aðila á viðkomandi mörkuðum. Eins hvort að félögin væru sammála lýsingu samrunaaðila á samkeppnislegum áhrifum á viðkomandi mörkuðum, en ef ekki, hvaða áhrif félögin teldu að samruninn gæti haft á samkeppni á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á. Samkeppniseftirlitinu bárust samtals fimm umsagnir er vörðuðu fyrirhugaðan samruna. Enginn umsagnaraðila lagðist gegn samrunanum með beinum hætti.
23. Í umsögn frá Advania var gerð athugasemd við markaðsskilgreiningar á hinum landfræðilega markaði. Í umsögninni kom fram að upplýsingatæknimarkaður sé orðin mun alþjóðlegri en áður var og að auknar kröfur viðskiptavina gerðu það að verkum að sífellt erfiðara væri að keppa við stærri alþjóðleg félög. Taldi Advania því að hin landfræðilega skilgreining upplýsingatæknimarkaðarins væri úrelt. Advania lítur svo á að með sameiningu Opinna kerfa og Premis verði til öflugur aðili á markaðnum sem muni vonandi hafa styrk til að keppa á alþjóðlegum markaði.
24. Í umsögn frá Origo var gerð athugasemd við markaðsskilgreiningar samkvæmt samrunaskránni og að vél- og hugbúnaðarsala ætti að skilgreina sem aðgreinda markaði, en ekki sameiginlega. Markaðirnir séu ólíkir, með ólíkum samkeppnisaðilum og tengist ákaflega lítið. Origo lítur ekki svo á að sérstök samþjöppun sé að verða á markaði við samrunann. Origo andmælti veltutölum samkvæmt samrunaskránni, sem þeir telja vera rangar.
25. Aðrir umsagnaraðilar gerðu ekki athugasemdir við samrunann en gerð var athugasemd við stefnu eigenda fjárfestingarsjóðsins þar sem að fjármagnið á bak við sjóðinn er að mestu úr lífeyrissjóðskerfinu en dregið geti úr að samkeppnisaðilar hvetji starfsfólk til að greiða í lífeyrissjóði sem kaupa upp samkeppni á markaði.

2.3. Mat Samkeppniseftirlitsins

26. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist á hinum skilgreindu mörkuðum málsins, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga.
27. Við mat á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir vegna þessa samruna hefur rannsókn Samkeppniseftirlitsins leitt í ljós að samlegðaráhrif séu einkum á mörkuðum fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og markað fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja sem eru undirmarkaðir upplýsingatæknimarkaðar. Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um hugbúnaðarmarkaði í fyrri ákvörðunum og greiningum. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr.



31/2015, Samruni Advania hf. og Tölvumiðlunar ehf., taldi Samkeppniseftirlitið hugsanlegt að skilgreina mætti nokkra undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar.

28. Samkeppniseftirlitið telur mögulegt að skilgreina undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar að ræða þar sem skilgreina megi sérstakan markað fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa annars vegar og sérstakan markað fyrir sölu á vél- og hugbúnaði. Í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins tekur Samkeppniseftirlitið þó ekki endanlega afstöðu til þess hvort að skilgreina eigi sérstaka undirmarkaði upplýsingatæknimarkaðar. Er horft til þess að markaðshlutdeild samrunaaðila skarast að óverulegu leyti. Á markaði fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa eru samrunaaðilar með [0-5%] markaðshlutdeild samkvæmt samrunaskrá og á markaði fyrir sölu á vél- og hugbúnaði eru Opin kerfi með [10-15%] markaðshlutdeild en Premis [0-5%].
29. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins að samþjöppunar gæti að takmörkuðu leyti, hvort sem horft er til þrengri eða víðari markaðsskilgreininga.

Markaðshlutdeild samrunaaðila og keppinauta

30. Tilgangur þess að meta markaðshlutdeild á skilgreindum mörkuðum í samrunamálum er að auðvelda mat á því hvort samruni muni leiða til skaða fyrir neytendur og tjóns fyrir samfélagið. Slíkt tjón getur meðal annars átt sér stað vegna þess að samrunaaðilar nýti sér aukinn efnahagslegan styrkleika eftir samruna til að hækka verð eða eftir atvikum til að draga úr gæðum vöruframleiðslu eða þjónustu til að minnka kostnað. Mat á markaðshlutdeild er jafnan hluti af mati á aðstæðum á mörkuðum og er markaðshlutdeild eitt þeirra atriða sem gefur vísbendingu um efnahagslegan styrkleika. Við mat á því hvort að tiltekin markaðshlutdeild beri vott um skaðlega samþjöppun þarf jafnan að horfa til ýmissa annarra eiginleika markaðarins og þeirra fyrirtækja sem um ræðir í viðkomandi máli.
31. Samanlögð hlutdeild samkvæmt mati samrunaaðila miðað við veltu árið 2020 á markaði fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa er [5-10]%. Samanlögð hlutdeild samrunaaðila á markaði fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja er [15-20]%.
32. Samanburður á veltu fyrirtækja sem starfa á markaðnum bendir hvorki til þess að við samrunann myndist markaðsráðandi staða, né að hún styrkist. Þá eru ekki önnur atriði fyrir hendi sem benda til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti enda er samþjöppun vegna samrunans óveruleg. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru áhrif samrunans á upplýsingatæknimarkaði og mögulegum undirmörkuðum hans, á Íslandi ekki slík að þau réttlæti íhlutun.

Landfræðilegur markaður málsins

33. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru vísbendingar um að landfræðilegur markaður málsins sé Ísland en í ljósi þess að það hefur ekki áhrif á niðurstöðu málsins er ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til afmörkun landfræðilegs markaðar málsins. Samkeppniseftirlitið telur ekki þörf á því að taka endanlega afstöðu til þess hversu mikið samkeppnislegt aðhald stafar af erlendum aðilum.

3. Niðurstaða Samkeppniseftirlitsins

34. Líkt og áður segir ber við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Í 4. gr.



samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

35. Þeir markaðir sem samruninn hefur áhrif á er upplýsingatæknimarkaður, með hugsanlegri aðgreiningu eftir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa og sölu á vél- og hugbúnaði, á Íslandi. Samanlögð markaðshlutdeild samrunaaðila á þeim mörkuðum og sú samþjöppun sem af samrunanum leiðir gefur, að mati Samkeppniseftirlitsins, ekki tilefni til að telja samrunaaðila markaðsráðandi, eða að þeir öðlist við samrunann nægilegan efnahagslegan styrkleika til þess að valda skaða fyrir neytendur og tjóni fyrir samfélagið.
36. Í því samhengi ber að líta til þess að aðrir aðilar eru starfandi á markaðnum fyrir hýsingar- og rekstrarþjónustu tölvukerfa sem hafa umtalsverða hlutdeild, s.s. Advania [40-45%], Origo [30-35%] og Sensa [10-15%] samkvæmt mati samrunaaðila. Á markaði fyrir sölu á vél- og hugbúnaði til fyrirtækja eru einnig aðilar með töluverða hlutdeild, Advania [15-20%], Origo [45-50%], Endor [5-10%] og Sensa [5-10%].
37. Með vísan til framangreindar umfjöllunar fær Samkeppniseftirlitið ekki séð að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.
38. Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni Opinna Kerfa hf. og Premis ehf. sé ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

III. Ákvörðunarorð

„Samruni Opinna Kerfi ehf. og Premis ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson